

Skýrsla forstjóra Byggðastofnunar, Aðalsteins Þorsteinssonar sem flutt var á ársfundi Byggðastofnunar 31. maí 2007

Iðnaðarráðherra, fundarstjóri og aðrir góðir gestir.

Ég vil í upphafi máls míns bjóða nýjan iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, sérstaklega velkominn til þessa fundar, og lýsa ánægju minni með að hann skuli sjá sér fært að koma til fundarins þrátt fyrir annríki vegna setningar Alþingis nú í dag, og veit að við munum eiga með honum gott samstarf.

Eftir nokkur erfið ár í rekstri Byggðastofnunar má á árinu 2006 greina veruleg batamerki. Rekstur Byggðastofnunar var í góðu jafnvægi á árinu 2006, og skilaði hagnaði upp á 10,1 mkr. Þetta er verulegur viðsnúningur frá næst liðnum árum. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu þó verulega á árinu, og námu 38 mkr. á móti 140 mkr. árið 2005. Samdrátt í vaxtatekjum má einkum rekja til minnkandi umfangs útlánastarfseminnar frá árinu áður auk þess sem miklar uppgreiðslur lána hjá stofnuninni undanfarin misseri höfðu leitt til óhagstæðrar samsetningar á skuldum og útlánum hennar. Við þessu var brugðist með uppgreiðslu skulda og endurfjármögnun. Hafa þessar aðgerðir skilað góðum árangri, og sjáum við fram á verulega aukningu hreinna vaxtatekna á árinu 2007.

Framlag úr ríkissjóði til starfseminnar á árinu 2006 nam 370 mkr. Alls greiddi stofnunin út á árinu ný lán að fjárhæð 1,5 milljarðar kr. sem er ívið hærra en árið 2005. Heildarlánsloford á árinu 2006 námu hins vegar alls 2,6 milljörðum kr.

Rekstrargjöld stofnunarinnar námu 733 mkr. árið 2006 sem er lækkun úr 817 mkr. árið 2005. Framlög á fjárlögum til atvinnuþróunarfélaganna hækkuðu um rúmar 12 mkr. og voru á árinu 2006 135 mkr. Aðrir styrkir 34,5 mkr. Rekstrarkostnaður skrifstofu stofnunarinnar hefur lækkað verulega undanfarin misseri, og nam 246,7 mkr. á árinu. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 5,3 mkr. og framlög í afskriftarreikning 311,5 mkr. Niðurstaða rekstrarreiknings er því eins og áður sagði 10 mkr. hagnaður.

Bættur rekstur skýrist ekki hvað síst af því að útlánatöp hafa minnkað verulega. Á árinu 2006 þurfti stofnunin að afskrifa endanlega veitt lán að fjárhæð alls 360 m.kr. samanborið við 630 mkr. árið 2005, og 686 mkr. árið 2004. Við reiknum með að afskriftir útlána minnki enn á árinu 2007.

Ef við nú lítum á efnahagsreikninginn, þá sjáum við að eignir stofnunarinnar í árslok 2006 námu 12,2 milljörðum kr. á móti 11,7 milljörðum í árslok 2005. Eiginfjárlutfall skv. reglum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var í árslok 2006 8,91% en má skv. lögunum ekki vera undir 8%. Af þessu má ráða að rekstur Byggðastofnunar er mjög viðkvæmur og má lítið út af bregða. Því er mikilvægt er að styrkja efnahag hennar til þess að hún geti tekist á við verkefni sín af þeim krafti sem nauðsynlegur er.

Síðast liðið vor var ákveðið á Alþingi að taka Byggðastofnun út úr frv. iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, en með samþykkt þess frumvarps varð til Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Þannig var ákveðið að Bygðastofnun skuli starfa áfram, og þar með að útlán og önnur fjármögnunarstarfsemi stofnunarinnar haldi áfram.

Í álitni meirihluta iðnaðarnefndar Alþingis með þessari breytingu á upphaflegu frumvarpi segir m.a. svo: „*Að vel athuguðu máli telur nefndin að starfsemi Bygðastofnunar eigi ekki nægilega vel heima með starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar, þótt vissulega séu miklir snertifletir með þeim.*“ og enn fremur: „*Nefndin bendir jafnframt á að mikil áhersla hefur verið lögð á það á undanförunum árum að efla byggðaaðgerðir og telur edlilegra að Bygðastofnun starfi áfram á eigin forsendum að svo komnu máli. Hvað þetta varðar bendir nefndin einnig á að byggðamál eru viðfeðmur málaflökkur og taka ekki eingöngu til byggingariðnaðar, iðnaðar og tækni. Nefndin leggur því til verulegar breytingar á frumvarpinu þess efnis að horfið verði frá því að fella Bygðastofnun undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands.*

Það er mjög ánægjulegt fyrir Bygðastofnun og alla þá sem láta sig byggðamál varða að sjá að í nefndarálitinu og í umræðum á Alþingi kom skýrt fram hverja áherslu Alþingi leggur á mikilvægi málaflökksins, og er þetta í góðu samræmi við byggðaaætlun þá sem samþykkt var samhljóða af Alþingi á vordögum 2006, þar sem alveg sérstök áhersla var lögð á eflingu Bygðastofnunar.

Með þeirri ákvörðun að Bygðastofnun skuli ekki verða hluti af Nýsköpunarmiðstöð Íslands er stofnuninni á hinn bóginn nokkur vandi á höndum. Efnahagur hennar er enn mjög viðkvæmur þrátt fyrir mikinn bata í rekstri hennar á síðasta ári. Langvarandi rekstrarhalli hefur gengið verulega á eigið fé stofnunarinnar, og eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki hefur lækkað úr 16,8% í árslok 2000 í 8,91% í árslok 2006. Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar má ekki fara niður fyrir 8% skv. lögnum, en fór tímabundið niður fyrir þau mörk seinni hluta árs 2005 og aftur seinni hluta árs 2006. Meginvandi Bygðastofnunar nú liggur í því að þrátt fyrir veruleg batamerki í rekstri, á stofnunin í miklum vanda með að uppfylla lágmarksskilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárhlutfall, auk reglna um leyfilegt hámark stórra áhættuskuldbindinga vegna einstakra viðskiptamanna.

Bygðastofnun er hluti af stoðkerfi atvinnulífs á landsbyggðinni. Útlánastarfsemi hennar er ætlað að vega upp skort á aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að lánsfjármagni á grundvelli byggðasjónarmiða, og vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Hún er ekki í samkeppni við viðskiptabanka og sparisjóði. Eðli máls samkvæmt er því rekstur útlánastarfsemi hennar bundinn meiri áhættu en annara lánastofnana. Í því samhengi er athyglisvert að samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal Bygðastofnun uppfylla sömu kröfur og viðskiptabankar og sparisjóðir hvað lágmarks eiginfjárhlutfall varðar, á meðan aðrar og vægari kröfur eru gerðar til t.d. Íbúðalánasjóðs hvað þetta varðar. Veikur efnahagur heftir mjög starfsemi stofnunarinnar í því lagaumhverfi sem um hana gildir, og takmarkar sérstaklega getu hennar til að taka þá áhættu sem ef starfinu leiðir. Þá hefur ekki verið svigrúm til styrkveitinga eða hlutafjárkaupa undanfarin misseri sem er sérstaklega bagalegt.

Stoðkerfi atvinnulífsins verður að endurspegla atvinnulífið í landinu eins og það er á hverjum tíma, og taka breytingum í takt við framþróun þess hverju sinni.

Byggðastofnun er einn af hornsteinum þessa stoðkerfis, og hefur með höndum veigamikil hlutverk á því sviði. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun þá skipuleggur hún og fjármagnar ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra aðila, bæði opinbera sem og einkaaðila. Stofnuninni er ætlað að vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Atvinnulífið hefur tekið stórstígu breytingum á síðustu árum. Samstarf um rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun er orðið alþjóðlegt og hafa íslensk fyrirtæki haslað sér völl á erlendum vettvangi með mjög góðum árangri. Ný vel launuð störf hafa orðið til í þekkingargreinum sem gera aðrar kröfur til þekkingar og reynslu starfsmanna en þau störf sem horfið hafa. Þessara breytinga hefur gætt um allt land en með mismunandi móti. Samdráttur hefur verið í sjávarútvegi og landbúnaði en uppbygging þekkingargreina hefur aðallega verið á höfuðborgarsvæðinu og ekki nýst landsbyggðinni að sama skapi. Nýjar atvinnugreinar sem þannig hafa orðið til hafa í mörgum tilfellum staðið utan við hið opinbera stoðkerfi atvinnulífsins í núverandi mynd. Þó svo að stofnanir hafi leitast við að aðlaga sig þessum breytingum verður ekki horft fram hjá því að sú starfsemi og þau tæki sem ríki og sveitarfélög hafa tiltæk á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar hafa ekki náð að fylgja þróuninni eftir.

Ekki verður lengur hjá því horft að sjávarútvegurinn er ekki lengur sú undirstaða atvinnulífs á landsbyggðinni sem áður var, og getur ekki verið það. Á undanförunum árum hafa veiðiheimildir færst á stöðugt færri hendur og fyrirtækjum í fiskvinnslu fækkar. Störfum í frumvinnslugreinum hefur fækkað verulega á undanförunum árum, og er fyrirsjáanlegt að svo verði áfram. Samkvæmt heimildum Hagstofu Íslands hefur störfum við fiskveiðar fækkað um 28,5% á árunum 2000-2005 og í landbúnaði um 8% á sama árabili. Verð á varanlegum veiðiheimildum hækkar stöðugt, og ekki getur orðið um eðlilega nýliðun að ræða við þessar aðstæður. Eignarhald á mörgum fiskvinnslufyrirtækjum sem eru burðarásar í atvinnulífi einstakra sjávarbyggða landsins er með þeim hætti að ljóst er að atvinnulíf þeirra staða er byggt á mjög brothættum grundvelli, jafnvel þó svo að rekstur fyrirtækjanna gangi nú vel.

Aðgerðir stjórnvalda til að bregðast við afleiðingum þessarar þróunar í íslenskum sjávarútvegi verða að miða að því að minnka vægi sjávarútvegs í atvinnulífi einstakra svæða, og hlúa að vaxtarsprotum í öðrum atvinnugreinum eftir því sem kostur er. Á sama tíma þarf einnig að huga að nýsköpun innan frumvinnslugreinanna, en mörg glæsileg dæmi má finna um árangur á því sviði undanfarin misseri, jafnt á sviði landbúnaðar sem og í sjávarútvegi.

Það er gaman að segja frá því hér að nú á dögum lauk verkefninu útflutningsaukning og hagvöxtur. Þar er um að ræða þróunarverkefni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa áhuga á að hefja útflutning eða festa í sessi útflutning sem þegar er hafinn. Útflutningsráð leiðir verkefnið, en samstarfsaðilar eru Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Landsbanki Íslands, Bakkavör, Samtök iðnaðarins og Félag kvenna í atvinnurekstri. Verðlaun fyrir bestu markaðsáætlunina hlaut ferðaþjónustufyrirtækið Hvíldarklettur hf. á Suðureyri. Byggðastofnun hefur staðið myndarlega við bakið á félaginu sem er einn af stærri viðskiptamönnum hennar á norðanverðum Vestfjörðum. Af þeim 12 fyrirtækjum sem

Þátt tóku í verkefninu eru 6 í viðskiptum við stofnunina. Ég nefni þetta hér sem dæmi um stuðning Byggðastofnunar við nýsköpun í atvinnulífi landsbyggðarinnar.

Verkefni á sviði byggðamála eru óþrjótandi. Til þess að takast á við þau þurfa íslensk stjórnvöld að hafa sterk og fjölbreytt verkfæri, og því er nauðsynlegt að styrkja þá stofnun sem fyrst og fremst hefur það hlutverk að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landbyggðinni, Byggðastofnun.

Nú á þessum ársfundi liggur fyrir að Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson og Þorvaldur T. Jónsson hverfa úr stjórn Byggðastofnunar, og inn koma í stjórnina í þeirra stað Anna Kristín Gunnarsdóttir, Bjarni Jónsson og Einar Oddur Kristjánsson. Ég vil því nota þetta tækifæri og þakka fyrir mitt leyti og fyrir hönd starfsfólks Byggðastofnunar þeim Arnbjörgu, Gunnlaugi og Þorvaldi fyrir ánægjulegt og gleðríkt samstarf undanfarinna ára. Um leið býð ég Önnu Kristínu, Bjarna og Einar Odd velkomin til starfa.

Ég þakka fyrir mig.